

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir V-Húnavatnssýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Vestur-Húnavatnssýsla er eitt fjallskilaumdæmi. Sýslunefnd hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála í sýslunni. Hreppsnefndir fara með framkvæmd þeirra og gæta þess, að farið sé eftir ákvæðum laga nr. 42 frá 12. maí 1969 um afréttarmál-efni o. fl. og fjallskilareglugerðar þessarar. Þær geta gert nákvæmari ákvarðanir í einstökum atriðum, enda raski þær í engu reglugerð þessari né brjóti í bága við lög.

2. gr.

Hvert sveitarfélag er ein fjallskiladeild. Heimilt er að tvö eða fleiri sveitarfélög myndi fjallskiladeild. Fara þá viðkomandi hreppsnefndir sameiginlega með stjórn fjallskilamála í deildinni, þ. e. upprekstrarfélaginu og er ætíð við það miðað í reglugerð þessari. Nánari fyrirmæli um samstarf þetta má gera með samningi, sem sýslunefnd staðfestir.

3. gr.

Hver fjallskiladeild færir sérstakt bókhald og hefir sér sjóð, fjallskilasjóð. Til hans falla allar innborganir vegna fjallskilamála, þar með talið andvirði óskilafjár, og úr honum greiðist allur útlagður kostnaður við þau, samkvæmt reglugerð þessari, og ákvæðum viðkomandi fjallskilastjórnar. Fjallskilasjóðsreikningar skulu endurskoðaðir árlega á sama hátt og sveitarsjóðsreikningar.

II. KAFLI

Um vorsmalanir sauðfjár.

4. gr.

Hver sem hefur jörð til ábúðar eða umráða, þar með taldar eyðijarðir og eyðilönd, er skyldur að annast fjársmalanir á vorum eftir því sem hreppsnefnd mælir fyrir um. Vanræki einhver fyrirskipaða smölun, sem honum ber að framkvæma, sjái hreppsnefnd um að smalað sé á hans kostnað.

5. gr.

Hafi aðkomufé komið að við vorsmölun, skal tilkynna eiganda um það og ráðstafar hann þá fé sínu. Ber landráðanda eða þeim, sem smölun annast, að láta eiganda búfjárins í té þá aðstoð, sem unnt er. Ráðstafi eigandi ekki fé sínu, skal því sleppt. Þó skal marka ómörkuð lömb og laga á ullahfé, til varnar ullahafti. Farið skal vel með allan fénað við smölun og réttarstörf, eins og framast er kostur og þess gætt að ekki villist undan.

Fénað, sem spjöllum veldur í túni eða garðlöndum, skal eigandi tafarlaust taka í sína vörslu.

III. KAFLI

Um rekstur til afrétta og meðferð afréttarfjár.

6. gr.

Rétt til upprekstrar á afrétt eiga allir búfjáreigendur, sem landsnyttjar hafa í viðkomandi upprekstrarfélagi. Hreppsnefnd getur gert samþykkt um notkun afrétt-

arins, enda sé hún staðfest af sýslunefnd og komi ekki í bága við lög eða reglugerðir um afréttarmál.

Frjálst er að hafa fénað heima í heldum girðingum eða heimahögum, enda komi þá til leyfi hreppsnefndar.

7. gr.

Upprekstur til afréttar hrepps eða upprekstrarfélags, fari eigi fyrr fram á vorum en hreppsnefnd heimilar og með þeim takmörkunum, sem hún ákveður og lög leyfa. Eigi má heldur neinn pening reka til afréttar á öðrum árstíma.

Rekstri til afréttar skal haga þannig, að sem minnstur bagi verði að í heimalöndum og þess gætt, að skepnur verði ekki fyrir ónæði eða óþarfri styggð. Komi fénaður saman við rekstur, skal hann skilinn úr svo fljótt sem unnt er. Gildir það jafnt um rekstur til og frá afrétti.

8. gr.

Verði einhver fyrir ágangi búpenings, sem af afrétti gengur eða hefur ekki verið þangað rekinn, getur hann gert umkvörtun til viðkomandi oddvita, sem þá skipar fyrir um, að fénaður þessi sé rekinn til afréttar á kostnað upprekstrarfélagsins.

Hafi oddviti eigi annast reksturinn á umræddum peningi innan sólarhrings frá því honum var tilkynnt um áganginn, hefur sá, er fyrir ágangi verður, heimild til að reka fénaðinn til afréttar og greiðist sá kostnaður einnig úr fjallskilasjóði eftir reikningi. Verði ágreiningur um rekstrargjald þetta, sker sýslunefnd úr.

Ef hreppsnefnd er kunnugt um, að fénaður þessi hafi ekki verið rekinn til afréttar, eða svo illa að áteljandi sé, getur hún krafist endurgreiðslu af eignum fénaðarins.

9. gr.

Hver, sem heimildarlaust rekur fénað sinn, sem á afrétt á að fara, í annars land til beitar um sumar, hvort heldur það er heimaland, fjallland eða afréttarland, greiði skaðabætur til landráðanda eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, er landráðandi á heima í. Mati þessu má skjóta til hlutaðeigandi sýslunefndar.

10. gr.

Eigi má ónáða fé í afréttinum að þarflausu, og ekki taka þaðan búpening, nema leyfi hreppsnefndar komi til. Hreppsnefnd skal fylgjast með gróðurfari á afréttum og njóti hún til þess liðsinnis gróðurverndarnefndar sýslunnar. Þá ber hreppsnefnd að fylgjast með, hvort fénaður safnast svo að afréttargirðingum að tjón verði á, eða landi liggi við örtröð. Beri það til, skal bót á ráða, með rekstri inn á afréttinn, nema mjög sé á sumar liðið, þá með smölun til réttar. Skal þá farið með, eftir atvikum, sem göngur væru.

IV. KAFLI Um fjallskil.

11. gr.

Hreppstjóri skal, áður en 16 vikur eru af sumri, senda hreppsnefnd skrá um tölu sauðfjár og fjallskilaskyldra hrossa í hreppnum. Skýrsla þessi skal sýna hvað hver einstakur eigandi á af sauðfé og hrossum til fjallskila.

Skýrsla þessi sé samin eftir síðasta skattframtali, en allar áorðnar breytingar á eign til fækkunar eða fjölgunar fjallskilaskylds búpenings, svo og tölu taminna hrossa, skal tilkynna hreppstjóra, áður en 14 vikur eru af sumri. Ber að taka allt slíkt til greina í skýrslunni. Jafnframt gerir hreppstjóri, ef hreppsnefnd óskar, skrá yfir álagningarbært landverð jarðeigna í hreppnum, samkv. 12. gr.

12. gr.

Fjallskilaskyilt er allt sauðfé og hross, veturgömum og eldri, þó ekki brúkunarhross allt að 5 á eiganda, enda gangi þau í heimahögum.

Hver fjallskilaskyldur maður skal leggja til fjallskila á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður. Allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins skal meta til peningaverðs, þannig að jafnhátt gjald komi á hverja sauðkind og jafnhátt á öll hross.

Hross skal meta jafnt og þrjár til sex sauðkindur. Telji hreppsnefnd, að hross skuli bera meiri kostnað hlutfallslega, getur hún leitað samþykkis sýslunefndar til þess. Heimilt er hreppsnefnd að leggja allt að $\frac{1}{3}$ áætlaðs kostnaðar fjallskilasjóðs á landverð allra jarða í hreppnum. Þar með taldar eyðijarðir, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, miðað við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Hreppsnefnd er heimilt að fella niður fjallskil á allt að helmingi af fjallskilaskyldum peningi, sauðfé og hrossum, annarri tegundinni eða báðum, sem gengur í öruggri girðingu. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og hreppsnefnd ákveður, ella goldin í peningum. Vinnu skal meta til peningaverðs sem næst gildandi meðal kauptaxta. Mönnum búsettum utan upprekstrarfélagsins er óheimilt að reka búfé á afrétt, nema með leyfi viðkomandi hreppsnefnda, eða þeir hafi þar jörð til afnota. Skal hreppsnefnd heimilt að leggja allt að 50% hærra fjallskilagjald á búfé manna, sem lögheimili eiga utan upprekstrarfélagsins og hafa þar ekki landsnytjar.

13. gr.

Skyldur er hver fjáreigandi að gera fjallskil á þeim afrétti og í þau lönd, sem liggja til leitar að lögrétti eða aukaréttum í því upprekstrarfélagi, sem hann á heimili í. Nú á fénaðareigandi fénað á afrétti og/eða í heimahögum í öðru upprekstrarfélagi en hann á heimili í, og skal hann gera þar fjallskil, er fé hans gengur. Ef eitthvert upprekstrarfélag eða einstakur maður á og notar afréttarland, sem öðru upprekstrarfélagi ber að leita samkvæmt þessari grein, skal það eða hann gera þar full fjallskil eftir fénaðarfjölda þeim, sem rekinn er í afréttarlandið, samkvæmt sömu reglum og fénaðareigendur upprekstrarfélags þess, er leita ber. Þó hafa hlutaðeigandi hreppsnefndir heimild til að gera um þetta sérstaka samninga.

14. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sömu afrétti, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sér í sautjándu viku sumars, til þess að semja um, hvernig fjallgöngum skuli hagað. Oddviti í þeim hreppi þar sem aðalrétt stendur, kveður til þess fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um fjallskilaskyldan fénað manna í hreppnum samkvæmt 11. gr. Verði ekki samkomulag um sameiginlega niðurjöfnun fjallskila, skal skipta þeim á milli hreppanna í réttu hlutfalli við fjallskilaskyldan fénað hvors um sig. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

15. gr.

Nú eiga nokkrir fjáreigendur að gera fjallskil af fénaði sínum eða einhvers hluta fénaðarins í öðrum hreppi en þar sem þeir eru búsettir, og skal þá hreppstjóri heimilishreppsins senda hreppstjóra, er hlut á að máli, skýrslu um þann fénað, er þeim ber að greiða fjallskil fyrir og tilkynnir þá hreppstjóri viðkomandi hreppsnefnd tölu fénaðarins og nöfn og heimilisföng eigenda. Skýrslur þessar séu sendar svo snemma, að þær komist í hendur hreppsnefndar, áður en fjallskilaniðurjöfnun fer fram. Takist það ekki, leiðréttir hlutaðeigandi hreppsnefnd fjallskilaniðurjöfnunina síðar, eftir því sem skýrslurnar gefa tilefni til.

16. gr.

Fjallgöngur á afréttum og víðlendum heimalöndum, þar sem afréttarpeningur gengur að jafnaði, skulu vera tvennar eða þrennar hvert haust, en þó aðeins einar eða tvennar í Vatnsnesfjalli (Heimaland). Heimilt er þó hreppsnefndum í fjárskiptahólfi Miðfjarðar og Staðarhrepps að láta eftirleit fara fram með aðstoð þyrlu meðan varnargirðingum er við haldið. Skyllt er, að fjalleitir séu tryggilega framkvæmdar.

Gangnadagana er bannaður allur heimrekstur og sundurdráttur á afréttarpeningi á einstökum bæjum.

Gangnatíma ákveða hreppsnefndir í samráði við aðliggjandi sveitarfélög og eftir því sem nauðsyn er, vegna gróðurfars afréttanna og annarra ástæðna.

17. gr.

Öllum fjallskilum skal hreppsnefnd jafna niður í tæka tíð. Nú þykir einhverjum niðurröfnun fjallskila eigi rétt og vill fá leiðréttingu á því, þá ber honum eigi að síður að inna álögð fjallskil af hendi, en sent getur hann rökstudda kæru til hreppsnefndar fyrir 20. október. Náist ekki samkomulag getur viðkomandi skotið máli sínu til sýslunefndar til úrskurðar.

18. gr.

Hreppsnefnd eða kjörinn maður af henni, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsþúa með gangnaboði til fjallskila nægum tíma áður en fjallgöngur hefjast. Í gangnaboði skal nákvæmlega taka fram, hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Einnig skal brýnt fyrir gangnamönnum að vera vel út búnir að fatnaði, mat og öðrum nauðsynlegum búnaði. Ef einhver vanrækir að gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til, skal hann borga þau því verði, er hreppsnefnd ákveður. Án tillits til mats á þeim, þó ekki yfir hálf tannað matsverð þeirra. Ekki leysir það fjallskilaskyldan aðila undan fjallskilaskyldu, þótt gangnaboð berist honum ekki í tíma, áður en fjallgöngur skulu byrja.

Ekkert má fyrirskipa í gangnaboði, er komið getur í bág við fulltryggjandi fjallskil eða ákveðin réttastörf innan sýslu.

19. gr.

Hreppsnefnd eða stjórn upprekstrarfélags skipar einn duglegan gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjóri skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim, þar til komið er á réttarstað. Hann skal sjá um, að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins, uns vöktunarmenn hafa tekið við því. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Öll óhlýðni við skipanir hans varða sektum. Gangnastjóri skal gæta þess, að farið sé svo vel sem unnt er með fé og hross í göngum. Öllum vanmetapeningi, sem ekki verður komið lifandi til byggða, skal lógað. Heimilt er gangnastjóra að skilja vanmetapening lifandi eftir, þá komið er í byggð, og tilkynni hann það þegar eiganda. Eiganda ber þá að ráðstafa þeim fénaði svo fljótt sem kostur er.

20. gr.

Ef veður eða aðrar ástæður hamla göngum eða torvelda fulla gagnsemi þeirra, að dómi gangnastjóra fyrir einum eða fleiri leitarflokkum samliggjandi leitarsvæða, skal þeim frestað yfir svæðið í heild. Skulu hreppsnefndir annast um, að gangnastjórar geti haft samráð með sér, eftir því sem nauðsyn krefur, áður en göngur hefjast. Kostnaður við þær ráðstafanir greiðist úr fjallskilasjóði.

Verði gangnamenn, sem komnir eru saman til leita, eða lagðir upp í leit, frá að hverfa, ber þeim þóknun úr fjallskilasjóði, en skyldir eru þeir að mæta til gangna, þegar þeir eru tilkvaddir.

21. gr.

Nú hefir fjáreigandi ráð á fleiri mönnum til gangna, en honum ber að láta, og hefir þá gangnastjóri eða hreppsnefnd vald til þess að kveðja þann mann til gangna, sem hæfastur er. Sama gildir um önnur fjallskil. Ef gangnastjóri telur að gangna- maður sé vanhæfur til starfsins, þá ber honum ekki skylda til að taka hann gildan og ber þeim, sem hann sendir, að senda annan í hans stað eða greiða fjallskilin að fullu.

Engan má senda í göngur yngri en fimmtán ára, nema leyfi gangnastjóra komi til.

Launa skal gangnastjóra af fjallskilasjóði.

22. gr.

Ef fjallskilaskyldur maður hefir engan hæfan mann til gangna og getur ekki útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd eða fjallskilastjóra minnst sex dögum áður en fjallgöngur eiga að hefjast og borgar hann þá að fullu manni þeim, sem hreppsnefnd ræður til starfsins, svo og allan kostnað því samfara, þó ekki yfir hálf tannað matsverð fjallskilanna.

23. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að til séu á afréttum hentugir skálar fyrir gangna- menn og hesta þeirra, þar sem þess er þörf. Séu þeir búnir nauðsynlegustu tækjum svo sem hitunartækjum o. fl. Ber að halda skálum þessum vel við ásamt öllum tækjabúnaði, sem ætíð sé til staðar yfir gangnatímamann. Kostnaður sá, er af þessu leiðir, greiðist úr fjallskilasjóði.

V. KAFLI**Um réttir og réttastörf.****24. gr.**

Eftir tillögum hreppsnefndar eða hreppsnefnda ákveður sýslunefnd, hvar aðal- réttir skuli vera. Séu hreppsnefndir eigi sammála, sker sýslunefnd úr. Sömuleiðis ákveður sýslunefnd undir hvaða aðalrétt hver aukarétt heyrir og enn fremur hverja afrétti og heimalönd ganga skal til hverrar réttar og ráða sýslumörk, nema öðruvísi sé ákveðið.

25. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að réttir, aðalréttir og aukaréttir, séu vandlega byggðar og vel við haldið. Við hverja aðalrétt skulu allar jarðir í upprekstrar- félaginu eiga nægilegt dilkrúm, annað hvort hver fyrir sig eða fleiri saman í dilk. Enn fremur skulu vera sérstakir dilkar fyrir ómerkinga og fénað úr öðrum sveitum. Þar sem hreppsnefnd þykir þurfa, skal hafa sérstaka hrossarétt. Kostnað við réttar- byggingu og viðhald hennar skal greiða úr fjallskilasjóði og teljast sem annar fjall- skilakostnaður.

26. gr.

Hreppsnefnd skal með gangnaboði skipa hæfa menn til að fara í réttir annara sveita, til að hirða þar sauðfé og hross hreppsþúa. Þeir, sem til eru valdir, mega eigi allir yfirgefa rétt fyrr en störfum er þar að fullu lokið, úrskurðað hefur verið um óskilapening og sala hrossa farið fram, ef um er að ræða.

27. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa duglega réttarstjóra við hverja aðalrétt og aukarétt og skal greiða honum fyrir starfa sinn úr fjallskilasjóði. Réttarstjóri skal vera kominn

í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir um, hvernig fjárdrætti skal haga og heldur mönnum til starfa. Hann bannar og óreglu, er veldur hindrun við réttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum.

28. gr.

Meðan fjárskiptahólfum er við haldið, skal réttarstjóri annast eftir föngum, að fé af öðrum fjárskiptasvæðum sé fjarlægð úr réttinni svo fljótt sem kostur er. Skal ætla sérstakan dilk fyrir slíkt fé. Hafi smitandi sjúkdómur svo sem garnaveiki komið fram í sauðfé innan svæðisins, skal réttarstjóri hafa umsjón með að fé frá þeim heimilum sé dregið hið fyrsta í dilka. Hefur hreppsnefnd með samþykki sauðfjár-sjúkdómanefndar heimild til að fyrirskipa sérmerkingu þess fjár, áður en fé er sleppt af húsi á vorum.

29. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa glögga menn til þess að skoða fé utansveitarmanna áður en það er rekið frá rétt. Enginn má hleypa úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir og fénaðareigendur ekki fara úr rétt fyrr en fjárdrætti er lokið.

30. gr.

Réttarstjóri skal annast um að ómörkuð lömb séu hirt á réttinni og dregin í sér dilk, svo eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Að afloknum réttum tekur hreppstjóri alla þá ómerkinga, er ekki hafa fundið mæður, í sína vörslu og selur þá á staðnum, sé salan leyfð að lögum, ella skulu þeir fluttir í sláturhús og lagðir inn sem eign fjallskilasjóðs. Ekki má torvelða mönnum að láta ær helga sér ómerkinga, þótt réttum sé lokið, meðan þeir eru enn í vörslu hreppstjóra. Ómerkingar í aukarétt skulu ganga til aðalréttar sem annar úrtíningur. Réttarstjórar skulu kveðja menn til að draga eftir markaskrá, þegar drætti er langt komið og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrr en lokið er.

31. gr.

Frá hverri aukarétt skulu tilkvaddir menn tafarlaust koma fénaði, sem þar er ekki hirtur, til aðalréttar og sé hann þangað kominn, áður en fjárdrætti er þar lokið.

32. gr.

Í fjárréttum má enginn afmarka fé, án þess hann jafnframt skýri fyrir hreppstjóra eða réttarstjóra hverja heimild hann hafi til afmörkunarinnar. Hreppstjóri eða réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér nafn hins fyrra eiganda kindarinnar, ef hann er ekki nærstaddur, og mark hennar áður en því var breytt og undir hvers mark hún er mörkuð.

VI. KAFLI

Um smölun, réttun og hirðingu hrossa.

33. gr.

Á haustum skal ásamt sauðfé smala hrossum af afréttum og viðlendum heimalöndum og reka til réttar. Skal haga sundurdrætti og hirðingu þeirra í réttum á sama hátt og sauðfé, að svo miklu leyti sem við getur átt. Á meðan á réttum stendur, skal réttarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér ómörkuð folöld og kappkosta að öðru leyti að haga allri meðferð á hrossum þannig, að ekki hljótist slys af. Ómörkuð folöld, sem engin hryssa helgar sér, skulu boðin upp og seld að aflokinni rétt. Skulu þau seld með tveggja sólarhringa innlausnarfresti.

34. gr.

Hrossum, sem eru í óskilum, þegar skilarétt á sauðfé fer fram, skal komið til réttar, þar sem það hentar, samtímis sauðfé og réttuð þá fjárrétt er lokið. Heimilt er hreppsnefndum að skipa fyrir um almenna smölun og skil á hrossum á tímabilinu frá 1. nóv. til 15. des. ár hvert. Ef sérstakar ástæður mæla með, getur hreppsnefnd skipað fyrir um almennar smalanir og skil á hrossum á öðrum árstímum. Við skil á hrossum skulu hreppsnefndir hver fyrir sig annast um hirðingu fjallskilaskyldra hrossa úr sínu upprekstrarfélagi í nærliggjandi hreppum.

VII. KAFLI

Um hreinsun heimalanda og fjárskil á haustum.

35. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á haustum, eftir því sem hreppsnefnd mælir fyrir, og gilda þar um ákvæði 4. gr., eftir því sem við getur átt. Hreppsnefnd skal skipa fyrir um minnst tvær smalanir haust hvert. Seinni smölun heimalanda skal eigi fara fram síðar á haustum en í fyrstu viku vetrar, nema sérstakar ástæður hamli. Skilarétt skal halda haust hvert og á þeim stað og tíma sem hreppsnefnd ákveður.

36. gr.

Í fjalllendi eins og Vatnsnesfjalli skal síðasta frjárhreinsun að haustum yfirleitt fara fram með flokkaleit, er kemur þá í stað smölunar. Til leitar leggja landráðendur eftir fyrir mælum hreppsnefndar.

Hafi hreppsnefndir samliggjandi sveitarfélaga samráð með sér um leitardag. Hreppsnefnd ákveður leitarsvæði og tilnefnir leitarstjóra. Stjórnar hann leitinni á sínu svæði. Leitarstjórar hafi samband sín á milli um tilhögun leitar, svo misgöngur verði ekki milli leitarsvæða.

37. gr.

Þyki það henta í einstökum hreppum, að rekstrar gangi bæ frá bæ, hefur hreppsnefnd vald til að ákveða slíkt, einnig ákveður hún rekstrarleiðir. Hreppsnefndir semja með sér um skil utanhreppsfénaðar. Greiðist kostnaður við þau úr viðkomandi fjallskilasjóði.

VIII. KAFLI

Um meðferð óskilapenings.

38. gr.

Þegar fjárdrætti er lokið í aðalréttum og eftir eru kindur, sem teljast til úrtínings, skulu þær afhentar hreppstjóra í þeim hreppi, sem aðalrétt stendur. Skal hann þá ásamt marklýsingamönnum skoða og skrifa upp mark og einkenni á hverri kind, svo rétt og nákvæmlega sem framast má verða. Hreppstjóri skal síðan annast um að koma óskilafé, sem ekki þekkist eða ekki er hirt, í sláturhús.

39. gr.

Við hverja aðalrétt séu tveir marklýsingamenn, tilnefndir af hreppsnefnd eða stjórn upprekstrarfélagsins. Taka þeir þóknun úr fjallskilasjóði. Hreppstjóri kveður sér til aðstoðar tvo valinkunna menn til að skoða mörk og auðkenni óskilagrips eða kindar, sem fyrir kemur utan rétta, enda skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra um allan óskilapening. Finnist eigandi hans í næstu hreppum, skal gera honum viðvart, en eigi má færa kindur milli fjárskiptasvæða, nema leyfi réttra aðila komi til.

40. gr.

Komi óskilahross fyrir í réttum eða utan rétta á hvaða árstíma sem er, skal með farið eftir því sem við á samkvæmt 38. gr. Auglýsa skal hross og selja, hafi eigandi ekki gefið sig fram innan viku og sannað eignarrétt sinn.

Hross skal selja með 12 vikna innlausnarfresti og jafnlöngum gjaldfresti, og eru þau ekki í ábyrgð kaupanda, þótt misfarist, fyrr en að þeim fresti liðnum, nema um sé að kenna algeru skeytingarleysi hans eða handvömm. Hver sá, sem gerir kröfu til óskilahrossa, sanni eignarrétt sinn svo að ekki verði um villst og greiði jafnframt allan áfallinn kostnað. Ákvæði þessarar greinar gilda, eftir því sem við á um stóðhesta, sem seldir eru samkvæmt búfjárræktarlögum nr. 31/1973, 31. gr. Einnig gilda hér um sömu ákvæði gagnvart nautgripum, sem í óskilum eru.

41. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda greinilega lýsingu á öllu óskilafé, sem selt hefur verið eða fargað í hreppnum á árinu. til birtingar í Lögbirtingablaði. Skal hann síðan annast um greiðslu, að frádregnum kostnaði, á andvirði þess óskilafjár, sem eigendur sanna eignarrétt sinn á. Geti enginn sannað eignarrétt sinn, fellur andvirðið til fjallskilasjóðs viðkomandi hrepps eða upprekstrarfélags. Allt óskilafé, sem fargað er, skal lagt inn á sérreikning hreppstjóra, þannig að greiða megi verð hvernar kindar fyrir sig, ef eigandi finnst.

IX. KAFLI

Um eftirleitir og björgunarlaun.

42. gr.

Þegar löggöngur og eftirleit á afréttum hafa farið fram, skulu hreppsnefndir beita heimild til aukaeftirleita á afréttum. Fyrir kind, sem finnst í auka-eftrleit, skal greiða fundarlaun. Skulu þau vera jafnhá í krónum talið og verð á meðaldilk. Fyrir hross skulu fundarlaun nema einum og hálfum fundarlaunum fyrir kind. Borgun til eftirleitarmanna greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi upprekstrarfélags.

43. gr.

Fjallskilasjóður greiðir kostnað, sem af því leiðir, að rækja fjallskilaskyldan pening, sem kemur fyrir í öðrum sveitum eftir réttir.

Um björgunarlaun fyrir fé, sem næst úr ógönguklettum, skal farið með eins og sagt er í VII. kafla laga um afréttarmál o. fl. nr. 42, frá 12. maí 1969.

X. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

44. gr.

Skýlt er að marka eða merkja allan búpening. Mark helgar markeiganda kind eða grip, nema sannað sé að annar eigi.

Mark skal vera glögg. Markavörður getur bannað mikil særingarmörk (sora-mörk). Taka má upp sérstaka merkingu hrossa, sem þá kemur í stað eyrnamarks. Sama er um nautgripi, ella skal marka þá eða merkja með plötu í eyra.

Jafnframt eyrnamarki skal merkja sauðfé sýslu- og hreppsmerki, hyrnt fé með brennimarki á vinstra horn, en kollótt fé með plötu í vinstra eyra. Þó er þetta ekki skýlt, þar sem fé er ekki rekið til afréttar. Óheimilt er, að skeppa beri mark annars manns, óauðkennd, nema leyfi komi til. Kind, sem ekki ber að öllu rétt mark manns, er honum ekki heimilt að draga sér. Draga ber eftir mörkum, ræður hornamark

fremur en eyrnarmark og brennimark fremur en eyrnarmark og/eða hornarmark. Þó er þeim, sem kindin er dregin, skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum, sé þess krafist. Nú er kind eða gripur með óglöggu marki eða skemmdu, en maður vill helga sér eftir líkum, telst hann réttur eigandi, komi hreppstjóri og marklýsingamenn sér saman um það. Komi til ágreinings eða mótmæla sker markadómur úr.

45. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark. Tilkynni tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar, er erfðamark rétthæst síðan gjafamark svo kaupamark og síðast gerðarmark. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu þótt erfðamark sé, ef sammerkt er eða námerkt innan sýslu.

46. gr.

Sýslunefnd sér um, að prentuð sé markaskrá fyrir sýsluna eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Sérhver markeigandi skal koma marki sínu í markaskrá og greiðir gjald fyrir, eftir ákvörðun sýslunefndar. Hvert heimili, sé þar markeigandi, fær eitt eintak af markaskránni ókeypis. Sýslunefnd kys eða ræður markavörð til ákveðins tíma, sem hún tiltekur eða um semst. Starf markavarðar er að sjá um söfnun marka ásamt öðrum undirbúningi að prentun markaskrár og að sjá um prentun hennar. Hefir hann heimild til, samkv. þessari reglugerð og með tilvísun til laga nr. 42/1969, að útiloka námerkingar innan héraðs og leitast jafnframt við að fyrirbyggja sammerkingar og námerkingar við næstu héruð. Vilji einhver taka upp mark utan markaskrár, skal hann fá til þess leyfi markavarðar, sem auglýsir þá markið í Lögbirtingablaði. Enginn má nota mark nema það sé prentað í markaskrá eða auglýst. Eigendaskipti á marki skal tilkynna markaverði. Markavörður skal sjá um, að ný gatamörk séu ekki tekin upp í sýslunni.

Mark, sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá, né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, skal talið niður fallið og er öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, er áður átti markið eiga forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan 8 ára. Markavörður skal vinna að því að fá ráðstöfunarrétt á mörkum manna, er flutt hafa úr héraðinu, og nota eigi né ráðstafa marki sínu á annan hátt.

47. gr.

Sýslunefnd kys á aðalfundi sínum fjórða hvert ár þrjá menn í markadóm, ásamt varamönnum, til fjögurra ára.

Starf markadóms er að skera úr, ef marklýsingamönnum í réttum ber ekki saman við markskoðunarmenn í sláturhúsum um mörk á óskilafénaði. Einnig úr öðrum ágreiningsatriðum um vafamörk.

XI. KAFLI

Um eftirlit í sláturhúsi og rekstur á fé til slátrunar.

48. gr.

Í hverju sláturhúsi skal láta glöggan og samviskusaman mann skoða mark á öllu sauðfé og stórgripum, sem til slátrunar kemur.

Komi ómarkaður gripur, er óheimilt að taka hann til slátrunar, nema eignarréttur sé að fullu sannaður. Ef til slátrunar kemur kind eða gripur með vafasömu eða skemmdu marki, skal fylgja umsögn um mark frá marklýsingamönnum, er um hafa fjallað. Beri þeirra álit ekki saman við álit markaskoðunarmanns sláturhússins eða ekki hafi áður farið fram markaskoðun, sker markadómur úr samkv. 47. gr.

Telji markadómsmaður ástæðu til að geyma höfuð vafagrips í frysti, allt að einu ári, er sláturleyfishafa skylt að verða við því.

49. gr.

Allur fénaður, sem rekinn er til slátrunar í kaupþún, skal vera merktur skýru rekstrarmerki, er sé svo glögg, að það sjáist tilsýndar í björtu og svo traust, að það máist ekki af, þótt votviðri gangi. Svo skal rekstrinum hagað, að sem minnstur bagi verði að, þeim, er lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Varast skal, að rekstur lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstur úr því farið er að skyggja, nema brýna nauðsyn beri til. Svo má aldrei leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið.

50. gr.

Nú ber svo til, að öðru fé lendir saman við rekstur. Skal þá strax, er rekstrarmenn hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstrinum og gæta vandlega, að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera. Skulu rekstrarmenn sjá um, að það fé, er saman við hefur komið, komist í átt haga sína eigendum að kostnaðarlausu.

Þegar bíflutt er til slátruhúss skal þess vandlega gætt, að afbæjarpeningur fari ekki þar með, nema tryggt sé, að eigandi sé því samþykktur.

XII. KAFLI

Almenn ákvæði.

51. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að gera samþykktir um varnargirðingar fyrir afréttarlöndum til varnar gegn því, að afréttarpeningur gangi ofan af afrétti eða sleppi á afrétt, þegar heima skal ganga. Enn fremur til varnar því, að afréttarpeningur gangi á víxl af einum afrétti á annan. Greiðslu kostnaðar við slíkar girðingar skal haga þannig að leggja að hálfu kostnað á landverð jarða í ábúð og að hálfu á fjallskilaskyldan afréttarpening. Nánari ákvæði skal setja með samþykktum og skal haga um þær, svo sem fyrir er mælt í girðingarlögum nr. 10 frá 25. mars 1965. Séu fjallskilamál eða samþykktir fyrir afréttargirðingar til umræðu á almennum sveitarfundi, hafa þar atkvæðisrétt allir búendur, sem þar hafa jörð eða jarðarluta til afnota.

52. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá kr. 5 000.00 til kr. 50 000.00 sem rennur í fjallskilasjóð viðkomandi upprekstrarfélags.

53. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála. Þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endanlegra úrslita sýslunefnda.

54. gr.

Fjallskilareglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu frá 30. júlí 1960, ásamt breytingum á henni, er síðan hafa verið gerðar.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. september 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.